

### 3. fulltrúaráðsfundur Landssambands ungmennafélaga

12. nóvember 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:15

**Mætt eru:** SÍF: Gunnhildur Fríða Hallgrímsdóttir, Kóder: Ólafur Hrafn Halldórsson, SUF: Hildur Guðbjörg Benediksdóttir, URKÍ: Ingi Hrafn Pálsson, JCI: Kjartan Hansson, Hugrún: Róshildur Arna Ólafsdóttir, SHÍ: Sonja Sigríður Jónsdóttir, UJ: Óskar steinn Jónínuson Ómarsson, Uppreisn: Geir Finnsson, UU: Pétur Halldórsson, UE: Rakel Rósa Þorsteinsdóttir, UP: Sigmundur Þórir Jónsson, AIESEC: Marit Kristine Aarvik, SÍNE: Hjördís Jónsdóttir og UVG: Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm.

**Fulltrúar stjórnar:** Ritari: Una Hildardóttir (UH), gjaldkeri: Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), upplýsingafulltrúi: Inger Erla Thomsen (IET) og framkvæmdastjóri: Tinna Isebarn (TI).

*Fundarstjóri: Una Hildardóttir, ritari LUF*

*Fundur settur: 18:24*

#### Dagskrá:

- 1. Drög að dagskrá 3. fulltrúaráðsfundar** var samþykkt óbreytt.
- 2. Ávarp gjaldkera:** MÖÓ ávarpaði ráðið og minnti á greiðslu aðildargjalda.
- 3. Húsnæðismál LUF:** UH upplýsti ráðið um að Hitt Húsið hafi sagt upp leigusamningi við LUF vegna flutninga 1. febrúar 2019. LUF er boðið að flytja með Hinu húsinu á Rafstöðvarveg 7. Helsti kosturinn er að húsið er nýuppgergt og hefur allt til alls, helsti gallinn er ófullnægjandi samgöngur.
  - 3.1. UH opnar fyrir umræðu:** SÍF og UU óska eftir því að vera með LUF í húsnæði. TI tekur undir og segir mikilvægt að ungmennageirinn á Íslandi hafi ákveðna höfuðstöðvar. SHÍ bendir á að aðildarfélögin eru mörg með góð húsnæði miðsvæðis sem hægt væri að nota fyrir fulltrúaráðsfundi. SÍNE bendir á húsnæði Rannís í Borgartúni. JCI leitar að leigjendum, en aðeins í skrifstofurými.
  - 3.2. Niðurstaða samráðs:** Fulltrúaráð hvetur stjórn til að kanna mögulega kosti og taka ákvörðun með framtíðarlausn í huga.
- 4. Umsögn LUF um tillögu til þingsályktunar um dag nýrra kjósenda, 27. mál.** TI kynnti tillöguna fyrir fundarmönnum og greindi frá umsögn LUF.
  - 4.1. UH opnar fyrir umræðu:** Fundarmenn voru almennt jákvæðir og opnir fyrir hugmyndinni um dag nýrra kjósenda. Enda kemur það fram í umsögnum að [LUF](#), [SHÍ](#) og [SÍF](#) fagna öllum tilraunum til að auka lýðræðisþátttöku. En gagnrýni snýr að þáttum er varða skorti á fjármagni til málaflokksins, forgangsröðun og að ungt fólk fái að ráða ferðinni, „ekkert um okkur“.
  - 4.2. Niðurstaða samráðs:** Samstaða ríkir hjá fulltrúaráði um þau atriði sem koma fram í umsögn LUF.
- 5. Drög að áfangaskýrslu stjórnar 2018-2019:** TI kynnir áfangaskýrslu og skýrir stöðu verkefna og það sem koma skal fyrir sambandsþing. Stjórn telur sig hafa náð 8 [markmiðum](#) af þeim 21 sem fulltrúaráð samþykkti á [1. fulltrúaráðsfundi](#) þann 30. apríl. Eftir standa 13 markmið, af þeim eru 11 í vinnslu og 2 hafa verið sett í bið.
  - 5.1. UH opnar fyrir umræðu:** Í umræðu um markmið 5.) um að bregðast við mannréttindabrotum tilkynnir Hugrún - geðfræðslufélag að þau vilji vera á

lista yfir meðáskorendur. Í umræðu um markmið 20.) um stofnun alþjóðadeildar leggur SHÍ til að fulltrúaráð kjósi sín á milli í alþjóðanefnd á fyrsta fundi ráðsins, frekar en þingfulltrúar á sambandsþingi. Tillaga SHÍ var samþykkt.

5.2. Niðurstaða atkvæðagreiðslu: Skýrslan í heild var samþykkt einróma.

### *Fulltrúi UP vikur af fundi*

6. **Tillögur frá UVG** (meðflutningsfélög tillagna eru SUF, UJ, UP og Uppreisn): Fulltrúi UVG gerir grein fyrir tillögnum og leggur til að fulltrúaráð feli fráfarandi stjórn LUF að gera neðangreindar tillögur að markmiðum í drögum að framkvæmdaráætlun viðtakandi stjórnar kjörtímabilsins 2019-2020:
- 6.1. **Tillaga 1 - Skuggaþing:** Að halda lýðræðisverkefninu #ÉgKýs áfram á milli kosninga í formi skuggaþings / ungliðaþings. En það felur í sér að herma eftir störfum Alþingis og hefur það að markmiði að halda gildum #ÉgKýs á lofti um að efla lýðræðisvitund og hvetja ungt fólk til virkrar samfélagsþátttöku.
- 6.1.1. UH opnar fyrir umræðu: SÍF telur verkefnið kjörið tækifæri til að opna dyr Alþingis fyrir ungu fólk. Fjallað var um möguleikann á að nýta krafta ungmennafélaga til samráðs í nefndarstarfið til að virkja sem flesta hagsmunaaðila með í verkefnið.
- 6.1.2. Niðurstaða atkvæðagreiðslu: Tillaga 1 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- 6.2. **Tillaga 2 - Stjórnsmálaskóli:** Að halda sameiginlegan þverpólitískan stjórnsmálaskóla ungliðahreyfinga stjórnsmálaflokkanna, sem námsleið undir Leiðtogaskóla Íslands. En ungliðahreyfingarnar hafa haldið utan um slíka skóla í sitthvoru lagi og LUF hefur komið á fót leiðtogaskóla sem vegnar vel. Tillagan leggur til að samnýta krafta og opna tækifæri fyrir óflokksbundin ungmenni til að kynna starfi allra ungmennahreyfinganna og veita ungu fólk almenna fræðslu um stjórnsmál í formi jafningjafræðslu.
- 6.2.1. UH opnar fyrir umræðu: Tekið var vel í tillöguna, engar athugasemdir bárust.
- 6.2.2. Niðurstaða atkvæðagreiðslu: Tillaga 2 var samþykkt með 16 atkvæðum, 1 félag sat hjá.
- 6.3. **Tillaga 3 - Stjórnsmálanefnd:** Að stofna sérstaka stjórnsmálanefnd fyrir fulltrúa ungliðahefinganna í fulltrúaráði. Eftirspurn er eftir formlegum samstarfsvettvangi ungliðahefinganna sem ýtir undir frekara samtali og samstarfi. Flutningsmenn tillögunnar telja árin á milli kosninga vera tilvalin til að rækta innra starf hreyfinganna og samskiptin þeirra á milli. Fulltrúaráð LUF sem fer með ædsta vald í málefnum LUF á milli þinga er talin tilvalinn vettvangur fyrir málefna-starf og vinnuhópa sem geta starfað þverpólitískt og haft áhrif.
- 6.3.1. UH opnar fyrir umræðu: UJ bendir á að slíkur vettvangur þyrfti ekki endilega að vera háður starfi LUF. Fjallað var um mikilvægi þess að útiloka ekki félög sem eru ekki ungliðahefingar stjórnsmálaflokka frá nefndarstarfi LUF um stjórnsmál. UH leggur til að tillaga þessi verði vísað til stjórnar LUF sem mun afgreiða hana í samráði við flutningsmenn tillögunnar.

**6.3.2. Niðurstaða atkvæðagreiðslu:** Tillaga UH var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**7. Undirbúningur tengslaviðburðar:** UH vekur athygli á viðburðinum sem standi til að halda í febrúar 2019. UH kallar eftir upplýsingum um framvindu skipulagsnefndar. JCI leggur til að boðað verði til fundar fyrir lok nóvember.

**8. Önnur mál:**

**8.1.** UE tilkynna að þau verði með þverpólítískan málfund þar sem rætt verður um ungt fólk og Evrópu þann 21. nóvember kl. 18:00-20:00.

**8.2.** UVG upplýsir fulltrúaráð um fund um Norrænt samstarf, stöðu og tungumál, þar sem sérstaklega er óskað eftir ungu fólki til þátttöku.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:00*

*IET ritaði fundargerð.*